

## Ágrip

Rannsóknin var unnin sem afmarkaður hluti rannsóknar leiðbeinanda, Áróunar K.

Sigurðardóttur. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvort andleg líðan fólks með insúlínháða sykursýki og aðlögun þess að sjúkdómnum hafi áhrif á blóðsykurstjórn. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að andleg líðan og aðlögun hafi áhrif á blóðsykurstjórnun, einnig að bein tengsl séu á milli góðrar blóðsykurstjórnunar og fylgikvilla sykursýkinnar.

Við gerð rannsóknarinnar var meginlegt rannsóknarsnið notað. Úrtakið var 120 einstaklingar á aldrinum 18-62 ára, sem komu í eftirlit til fjögurra sérfræðinga í sykursýki. Hjúkrunarfræðingar afhentu spurningalistana á biðstofum sérfræðinganna á tímabilinu 8. febrúar til loka maí árið 2002. Níftu einstaklingar svöruðu eða 75%. Spurningalistinn samanstóð af tveimur mælitækjum, Eflingarlista og Ögrunarlista. Eflingarlistinn var notaður til að meta trú einstaklinga á því að geta tekist á við sykursýki og þá sjálfsumönnun sem henni fylgir, en Ögrunarlistinn metur andlega líðan fólks. Blóðsykurstjórnun var metin með mælingu á HbA<sub>1c</sub>-gildi þátttakenda.

Helstu niðurstöður voru að meðaltal HbA<sub>1c</sub>-gildisins var tiltölulega lágt í rannsókninni í samanburði við það sem komið hefur fram í erlendum rannsóknum. Gæti þetta bent til þess að einstaklingar hérlendis hafi gott aðgengi að heilbrigðiskerfinu og séu vel upplýstir. Ekki var hægt að sýna fram á marktækt samband á milli aðlögunar og HbA<sub>1c</sub>-gildis, þessi niðurstaða samræmist ekki öðrum rannsóknum. Hugsanlegt er að við þýðingu Eflingarlistans hafi dregið úr næmi hans. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að andleg líðan hefur áhrif á blóðsykurstjórnun, það er í fullu samræmi við fyrri rannsóknir. Þá ályktun má draga að sykursýki sé sjúkdómur sem geti leitt til andlegrar vanlíðanar. Það er mikilvægt að hjúkrunarfræðingar séu vakandi fyrir þessu og finni leiðir til þess að greina þessa einstaklinga sem fyrst, til þess að geta veitt viðeigandi hjúkrunarmedferð.

Lykilhugtök: Insúlínháð sykursýki, blóðsykurstjórnun, HbA<sub>1c</sub>-gildi, aðlögun og andleg líðan.

### Abstract

This research was a part of a larger study by Áróún K. Sigurðardóttir. The aim of this research was to investigate whether emotional well-being of people with diabetes and their adjustment to their condition influenced blood glucose management. Research in other countries has shown that emotional well-being and adjustment does influence blood glucose management, and also, that there exists a strong relationship between good metabolic control and complications of diabetes.

A quantitative research design was applied. The sample consisted of 120 individuals, from age 18 to 62, that were under supervision of a specialist in diabetes. Nurse practitioners distributed the questionnaire in the waiting room during the time period of February 8 until end of May, 2002. Ninety individuals answered the questionnaire or 75%. The questionnaire consisted of two instruments, the Diabetes Empowerment Scale (DES) and the Problem Areas in Diabetes (PAID) scale. The DES was used to assess diabetes-related psychosocial self-efficacy and the PAID to assess emotional functioning in diabetes. Blood glucose management was assessed by measuring the glycosylated haemoglobin levels (HbA1c) of the participants.

The major findings were that HbA1c-level was relatively low compared to what has been found in studies in other countries. This can indicate that these individuals have a good access to health care and that they are well informed. Interestingly, it was not possible to demonstrate a relationship between adjustment and HbA1c-level, which is in contrast to previous research. A possible explanation of this is that translation to Icelandic has reduced the sensitivity of the DES. However, the results demonstrated that emotional well-being does influence blood glucose management, which is in full accordance to previous research. It can be concluded that diabetes is a condition that can lead to an emotional distress. It is important

for nurse practitioners to be aware of this and to develop ways to identify those individuals that are at risk as soon as possible in order to provide appropriate nursing care.

Key words: Insulin dependent diabetes mellitus, blood glucose management, HbA<sub>1c</sub>-level, adjustment and emotional distress.